



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**við opnun Hestamiðstöðvar Íshesta**  
**4. mars 2000**

Heiðruðu gestir,  
stjórnendur og aðstandendur Íshesta

Við komum hér saman í dag til að fagna kaflaskilum í einstöku ævintýri, ævintýrinu um íslenska hestinn og þúsund ára sambúð hans við land og þjóð.

Hesturinn var fyrrum þarfasti þjónninn, bar aflu úr veri, heyfeng af engjum, björg í bú. Hann flutti meyar til vorgeði, söfnuð til kirkju, bændur til þings.

Trúarlíf og kirkjusókn okkar Íslendinga hefðu orðið fátæklegri á langri leið frá kristnitöku til vélaaldar ef ekki hefði notið þessa viljuga förunautar; og hefði vissulega verið við hæfi á þessu mikla minningarári um kristnitöku fyrir þúsund árum að helga hestinum og hans mikla þætti í íslensku safnaðarlífi einhverja stund.

Og lítið hefði orðið úr þinghaldi til forna, Alþingi sjálfu, móðurstofnun þingræðis og lýðræðis í veröldinni, meginstoð íslenska þjóðveldisins og þeirrar arfleifðar sem gaf þjóðinni kjark og efnivið til að sækja sér sjálfstæði og fullveldi, ef hesturinn hefði ekki flutt liðsafnað til þings um langan veg.

Hesturinn gerði Ísland að sameign forfeðra okkar og formæðra, bar förulanga yfir dökkar jökulár og fallvötn stríð, um eyðisanda og öræfi, tengdi fólk úr fjarlægum fjórðungum og færði að einum völlum, einu altari, Þingvöllum við Öxará.

Og ekki er hlutur hestsins síðri í menningu, bókmenntum og listum frá upphafi Íslandsbyggðar til okkar daga. Bragsnillingar á öllum öldum hafa fellt í farveg kvæða þakklæti, ást og aðdáun á góðum hestum; gæðingum sem glatt hafa geð með snörpum vilja og kappi; góðhestum sem forðuðu knöpum sínum „undan fári þungu” eins og Sörli bjargaði Skúla í kvæði Gríms.

Djarfir frumkvöðlar hafa á undanförunum árum veitt okkur nýjan skilning á gildi íslenska hestsins, skapað umsvif og atvinnu við að gera hann að burðarási í ferðaþjónustu nútímans, veitt erlendum gestum óvænta og djúpstæða sýn á stórbrotna náttúru Ísland. Nýbreytni í hestaferðum hefur ekki síður leitt nýjar kynslóðir Íslendinga, ungmenni á tíð sýndarveruleika og tölvuleikja, á vit kyrrðar og tignar á heiðum og í óbyggðum þar sem aðeins ymur Íslands lag svo aftur sé vitnað til bóndans á Bessastöðum, Gríms Thomsen.

Hesturinn er að mörgu leyti merkisberi nýs skilnings á náttúru Íslands, tign og fegurð, fjölbreytileika og litadýrð, orðinn kjarni í þeirri kynningu á landi og þjóð sem best þykir duga. Enn ber íslenski hesturinn okkur á nýjar lendur, færir okkur ávinninga um leið og hann minnir á samhengið í sambúð þjóðar við harðbýlt land, örlög Íslendinga um aldir.

Hér er opnuð í dag ný miðstöð, glæsileg umgjörð um allt hið besta sem hesturinn getur fært okkur, nýr áfangi í íslenskri ferðaþjónustu, vitnisburður um dugnað, framsýni og áræðni Einars Bollasonar og alls hans góða fólks.

Um áraraddir hefur fyrirtæki ykkar Íshestar verið brautryðjandi við að opna nýjar leiðir í helstu vaxtargrein íslensks efnahagslífs og um leið fært þjóðinni og þúsundum erlendra gesta nýjan skilning á gæðum landsins og undrum íslenskrar náttúru.

Á þessari hátíðarstundu við opnun Hestamiðstöðvar Íshesta vil ég þakka þeim hjónum Einari Bollasyni og Sigrúnu Ingólfssdóttur, öðrum stjórnendum Íshesta og starfsfólki öllu fyrir hið merka framlag ykkar til atvinnulífs og sjálfsvitundar Íslendinga, við að tengja saman arf aldanna, lífsgleði og náttúrufegurð í hugum nútímafólks, að gera íslenska hestinn sem deilt hefur örlögum með þjóðinni í blíðu og stríðu, frá landnámi, þjóðveldi á Þingvöllum og kristnitöku, gegnum aldir áþjánar og frelsis – að gera hann í árdaga nýs árþúsunds að gæðatákni þess besta sem Ísland getur boðið góðum gestum og þjóðinni sjálfri.

Hin nýja hestamiðstöð á heimavöllum Hafnarfjarðar, í úfnu hrauni og kallfæri við auðnir og græna bala er kjörinn staður til útivistar og frjórrar lífsnautnar í jaðri þeirrar heimsborgar sem höfðuborgarsvæðið er orðið, sláandi sönnun þess að við Íslendingar njótum þeirrar gæfu að geta tengt siðmenningu samtímans við einstakar perlur náttúrunnar. Munu margir sem hingað koma frá fjarlægum löndum eiga hér ógleymanlegar stundir, skynja í sjónhending þá sterku tilfinningu sem hesturinn hefur ávallt skapað í brjóstum okkar Íslendinga, kynslóð af kynslóð, öld af öld.

Ég óska ykkur hjónum, öllum aðstandendum þessa glæsilega mannvirkis til hamingju með þau þáttaskil sem hér verða í íslenskri ferðapjónustu. Það er mér í senn heiður og ánægja að lýsa því yfir að Hestamiðstöð Íshesta er formlega opnuð.